

# FRÉTTABRÉF

## Lífeyrissjóðs verkfræðinga

[www.lifsverk.is](http://www.lifsverk.is)

2. tbl. 2006 – Október

### Fréttabréf

Fréttabréf Lífeyrissjóðs verkfræðinga kemur nú út með breyttu sniði. Í stuttum klausum er stiklað á því helsta og vísað til frekari umfjöllunar á vefsíðu sjóðsins, [www.lifsverk.is](http://www.lifsverk.is).

### Iðgjaldayfirlit

Þessu fréttabréfi fylgir yfirlit yfir iðgjöld til samtryggingardeildar fyrir iðgjaldamánuðina janúar – september 2006. Ekki er óeðlilegt að 1-2 nýjustu mánuði vanti í yfirlitið vegna skráningar og innheimtu skilagreina.

Einnig fylgir séreignaryfirlit fyrir sama tímabil. Þar er sýnd ávöxtun fyrstu níu mánuðina, uppreiknuð til ársávöxtunar.

Ef villur eru í yfirlitunum eða iðgjöld vantar eru sjóðfélagar beðnir að láta skrifstofu sjóðsins vita án tafar, annars er hætt á að réttindi tapist, sbr. lög um Ábyrgðasjóð launa. Hægt er að koma athugasemdum á framfæri með tölvupósti á [lifsverk@lifsverk.is](mailto:lifsverk@lifsverk.is) eða í síma 568 8504.

### Samstarf við SPRON um sjóðfélagalán

Frá ágúst 2005 hefur SPRON séð um afgreiðslu og umsýslu nýrra sjóðfélagalána og frá 1. janúar 2006 hefur SPRON séð um innheimtu eldri sjóðfélagalána. Þetta samstarf hefur gengið mjög vel. Sjóðfélagar eru minntir á að hafa samband beint við SPRON um allar fyrirspurnir varðandi sjóðfélagalán, bæði ný og gömul. Frekari upplýsingar er að finna á vefsíðu SPRON [www.spron.is/lv](http://www.spron.is/lv).

#### Símanúmer þjónustufulltrúa SPRON:

Silja Valdimarsdóttir s. 550 1443

Ýlfa Proppé s. 550 1333

SPRON, Ármúla 13, s. 550 1200

### Nýjar útlánareglur

Stjórn sjóðsins hefur endurskoðað útlána-reglur fyrir sjóðinn. Nú þarf sjóðfélagi að hafa greitt iðgjald til sjóðsins í 6 mánuði í stað 36 mánaða áður til að fá fullt lán. Nú er hægt að fá skilyrt veðleyfi allt að 65% af markaðsverðmæti fasteignar í stað 50% áður. Sjá nánar á vefsíðu sjóðsins.

### Skipting lífeyrisréttinda

Sjóðurinn sendi í sumar bréf til sjóðfélaga á aldrinum 50 – 54 ára þar sem þeir voru hvattir til að kynna sér reglur um skiptingu lífeyrisréttinda milli maka. Slík skipting verður að eiga sér stað í síðasta lagi 7 árum áður en taka lífeyris getur fyrst hafist (við 62 ára aldur í Lífeyrissjóði verkfræðinga) og því var bréfinu sérstaklega beint til þeirra sem eru að nálgast 55 ára aldur. Nánari upplýsingar er að finna á vefsíðu sjóðsins.

### Staðfesting á ráðstöfun viðbótarframlags til séreignar

Samkvæmt ákvörðun stjórnar hefur þeim hluta mótframlags launagreiðenda til samtryggingardeildar sem er umfram 6% verið ráðstafað til séreignarsparnaðar innan sjóðsins frá 1. janúar 2006.

Nauðsynlegt er að sjóðfélagar sem þessi ráðstöfun tekur til staðfesti skriflega við sjóðinn samþykki sitt fyrir því að ráðstafa viðbótarframlaginu með þessum hætti. Þeim er sent sérstakt bréf þar að lútandi og geta þeir staðfest samþykki sitt með tvennum hætti:

- Sent sjóðnum útfyllt eyðublað á bakhlið bréfsins;

eða

- Fyllt út eyðublað á vefsíðu sjóðsins.

## Aðalfundur

Aðalfundur sjóðsins var haldinn 3. apríl síðastliðinn á Grand Hótel í Reykjavík. Sigurður Áss Grétarsson og Björn Z. Ásgrímsson voru endurkjörnir í stjórn sjóðsins. Stjórn sjóðsins kom saman til fundar strax að loknum aðalfundi og skipti með sér verkum. Sigurður Áss Grétarsson var endurkjörinn formaður stjórnar og Björn Z. Ásgrímsson varaformaður. Meðstjórnendur eru Þórir Guðmundsson, Birna Pála Kristinsdóttir og Óskar Maríusson.

Á aðalfundinum voru gerðar breytingar á samþykktum sjóðsins sem nú hafa hlotið staðfestingu Fjármálaráðuneytisins. Helstu atriði breytinganna eru:

- Grein 4.1: Lágmarksiðgjald til samtryggingardeildar verði í samræmi við ákvæði lífeyrissjóðalaga á hverjum tíma.
- Grein 5.1: Heimildir til fjárfestinga ekki taldar upp, heldur vísað til gildandi laga og reglna.
- Grein 6.10: Töflum breytt til hækkunar ávinnslu ellilífeyrisréttinda. Hækkunin er rúm 11% að meðaltali.
- Grein 8.5: Áunninn makalífeyrir helst óbreyttur. Framtíðarávinnsla makalífeyris miðast við 5 ár eftir fráfall í stað 2ja ára áður, en lífeyrir vaknar ekki að nýju við 67 ára aldur eftirlifandi maka.
- Grein 17.2: Ný grein. Stjórn heimilað að gera breytingar á samþykktum sem leiða af lögum.
- Grein 21.1: Breyting á ákvæði um gildistöku.

Fjármálaeftirlitið féllst ekki á orðalag setningar um ráðstöfun iðgjalds umfram 10% til séreignarsparnaðar í niðurlagi greinar 4.1 og var hún því felld niður. Nýtt orðalag verður lagt fyrir næsta aðalfund sjóðsins.

Nánari upplýsingar um fundinn, fundargögn og fundargerð, er að finna á vefsíðu sjóðsins.

## Ársskýrsla 2006

Á aðalfundi Lífeyrissjóðs verkfræðinga 2006 var í fyrsta sinn gefin út ársskýrsla. Áður var gefinn út ársreikningur. Í ársskýrslunni er að finna mun ítarlegri upplýsingar um rekstur og afkomu sjóðsins í máli og myndum en áður var gert í hefðbundnum ársreikningi. Hægt er að nálgast ársskýrsluna á vefsíðu sjóðsins á pdf-formi.

## Kennitölur úr ársskýrslu 2006

### Samtryggingardeild:


	2005	2004	2003
Hrein raunávöxtun, %	10,6	6,3	9,7
Virkir sjóðfélagar	2.176	2.082	2.030
Fjöldi lífeyrisþega	176	160	144
Lífeyrir, % af iðgjöldum	14,9	14,2	12,7
Rekst.kostn., % af eignum	0,20	0,19	0,22

### Tryggingafræðileg staða (%):

Hrein eign:			
umfram áfallnar skuldb.	-3,8	-16,8	-18,0
umfram framtíðarskuldb.	6,1	5,5	4,4
umfram heildarskuldb.	1,1	-6,0	-6,9

### Séreignardeild:

	2005	2004	2003
Hrein raunávöxtun, %	4,4	7,0	7,9
Fjöldi greiðenda	575	750	713
Fjöldi lífeyrisþega	2	1	1
Lífeyrir, % af iðgjöldum	1,9	0,1	1,3
Rekst.kostn., % af eignum	0,17	0,25	0,29



## Séreign

Hinn 1. janúar 2006 var stofnuð ný sparnaðarleið þar sem fjárfest er bæði í hlutabréfum og skuldabréfum. Fram að þeim tíma var starfrækt séreignarleið sem fjárfesti eingöngu í innlendum skuldabréfum.

Fjárfestingarstefna sparnaðarleiðanna er sem hér segir:

Leið 1: 100% innlend skuldabréf.

Leið 2: 40-60% innlend og erlend hlutabréf og 40-60% innlend og erlend skuldabréf.

Hrein raunávöxtun séreignarleiða:

	2006 <sup>1</sup>	2005	2004	2003
Leið 1:	7,2%	4,4%	7,0%	7,9%
Leið 2:	3,7%	-	-	-

1) janúar- september 2006 uppreiknað til ársávöxtunar

Ávöxtun leiðar 1 var mjög góð á árunum 2003 og 2004 en var heldur lakari á árinu 2005 m.a. vegna hækkandi vaxta. Ekki var byrjað að taka við iðgjöldum í leið 2 fyrr en í byrjun mars, en þá var hlutabréfaverð á Íslandi enn nokkuð hátt og þess vegna er ávöxtun ársins frekar slök. Ekki er óeðlilegt að yfirlit sjóðfélaga sem eiga í séreignarleið 2 sýni hærri ávöxtun þar sem greiðslur voru almennt að berast um mitt ár þegar hlutabréfaverð var í lágmarki innan ársins.

Þeir sjóðfélagar sem fá meira en 6% í mótframlag launagreiðanda í samtryggingardeild fá þann hluta sem umfram er færðan sjálfkrafa í séreignarleið 1 frá 1. janúar 2006. Þeir sem óska eftir að viðbótarframlagið fari í séreignarleið 2 eða í samtryggingu geta óskað eftir því skriflega eða fyllt út form á vefsíðu sjóðsins.

Sjóðfélagar geta einnig flutt sig úr leið 1 yfir í leið 2 eða haldið eftir núverandi eign í leið 1 og greitt framvegis í leið 2. Umsókn um það þarf að berast skriflega til sjóðsins eða í tölvupósti.

## Sjóðfélagavefur

Allmargir sjóðfélagar notfæra sér sjóðfélagavefinn á vefsíðu sjóðsins. Á sjóðfélagavefnum er hægt að skoða yfirlit yfir iðgjaldgreiðslur og réttindastöðu í samtryggingardeild og séreign hvenær sem er. Þeir sem hafa ekki fengið aðgang að sjóðfélagavefnum geta sótt um hann á vefsíðu sjóðsins, www.lifsverk.is, undir liðnum sjóðfélagavefur. Sjóðfélagar fá sent notandanafn og lykilorð í pósti á lögheimili sitt.

## Launagreiðendavefur

Það færast í vöxt að launagreiðendur sendi skilagreinar rafrænt til sjóðsins. Það er hægt að senda skilagreinar rafrænt með þrennum hætti:

- 1) skrá skilagreinar á launagreiðendavefnum,
- 2) sækja skrá úr launakerfi á launagreiðendavefnum og senda til sjóðsins; og
- 3) senda skilagrein beint í gegnum launakerfi.

Þriðja leiðin er þægilegust fyrir þá launagreiðendur sem eru með marga starfsmenn, en til þess þarf launakerfi sem ræður við að senda skilagreinar beint til lífeyrissjóða.

Fyrir einyrkja er auðveldast að skrá skilagreinina inn á launagreiðendavefnum einu sinni í mánuði. Hægt er að sækja eldri skilagrein og nota hana sem grunn í næstu skilagrein og spara þannig innslátt, ef laun breytast ekki á milli mánaða. Nánari upplýsingar eru á vefsíðu sjóðsins undir liðnum launagreiðendavefur.

### Lífeyrissjóður verkfræðinga

Engjateigi 9, 105 Reykjavík  
Sími: 568 8504  
Netfang: lifsverk@lifsverk.is  
Vefur: www.lifsverk.is  
Opnunartími: 08:00 - 16:00